

Morgunblaðið, 28.02.2026, síðu 78.
grein stærð: 1021.80 sm2
grein hæð: 37.88 sm

Sögur úr náttúrunni

Listakonan Guðrún Kristjánsdóttir sýnir verk frá ferlinum á Kjarvalsstöðum. Guðrún nálgast náttúruna sem lifandi afl og dansar á línu abstraksjónar og natúralisma.

Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is



Verkið Þíða er ljósmyndaverk.




Án titils, frá 2000.



Landslag, frá 1988.



Kvöldsett, frá 1992.



Leiðir heitir ný sýning á Kjarvalsstöðum þar sem sjá má vel valin verk frá myndlistarferli Guðrúnar Kristjánsdóttur frá síðustu fjórum áratugum. Guðrún hefur unnið í ýmsa ólíka miðla í gegnum árin; málverk, skúlptúra, innsetningar og ljósmyndun. Blaðamaður hitti Guðrúnu í vikunni og fékk innsýn í hennar heim en þar er íslensk náttúra í fyrirrúmi, mótuð af veðri og birtu.

Brot af ævistarfinu

Við göngum um Vestursal Kjarvalsstaða þar sem blaðamaður fékk einkaleiðsögn hjá listamanninum sjálfum.

„Í dag þykir sjálfsagt að hafa það frelsi að vinna í ólík efni en þegar ég kom heim úr námi 1979 þótti það alls ekki sjálfsagt. Annaðhvort var maður málari eða eitthvað annað, en ég hlýddi þessu aldrei og vann í þrívíðu, innsetningum, í stál, gerði lágmyndir og allt mögulegt. Ég verð leið á því að vera bara alltaf fyrir framan strigann," segir Guðrún og brosir.

„Hér er auðvitað bara brot af ævistarfinu; sýnishorn. Hér eru tvær innsetningar sem taka sitt pláss og ekki var hægt að sýna verk úr öllum miðlum sem ég hef unnið í," segir Guðrún og bendir á að nýlega hafi komið út bókin Bláleiðir: Leiðarvísir um innlönd, auðn og einstigi, um ævi hennar og störf eftir dóttur hennar Oddnýju Eir Ævarsdóttur. Þar er vel farið yfir ævi og störf Guðrúnar.

„Ég sæki innblástur í íslenska náttúru. Maðurinn minn er frá Grímsstöðum á Fjöllum og í gamla daga vorum við mikið þar. Við áttum gamlan rússajeppa sem við gátum sofið í og við þvældumst á honum mikið um hálendið. Það hafði mikil áhrif á mig."

> *Ég fór að upplifa svo sterkt að þetta væru eins konar tákn eða skrift. Kannski er landið að segja okkur eitthvað.*

Inn í hlíðarnar

Myndir Guðrúnar eru sumar abstrakt og aðrar natúralískar en flestar liggja einhvers staðar á mörkunum. Snjór í fjallshlíðum er viðfangsefni sem sjá má endurtekið hjá Guðrúnu.

„Ég fór að upplifa svo sterkt að þetta væru eins konar tákn eða skrift. Kannski er landið að segja okkur eitthvað," segir hún.

„Fyrst vann ég mikið með sjóndeildarhringinn en fór svo að fara alveg inn í þessar hlíðar. Í verkum sem eru meira abstrakt er ég líka sem málari að kanna hvað ég get gengið langt með tvívíð form sem samt sem áður kalla fram náttúrutengingu," segir Guðrún.

„Ég er alltaf að takast á við það að vera á þessum mörkum abstraksjónar og natúralisma. Mér hefur alltaf þótt það svo spennandi."

Fjórar ljósmyndir af frosinni jörðu verða næst á vegi okkar.

„Ég kalla þetta verk Þíðu og er aftur að skoða náttúruna í nálægð. Ég er að skoða hvernig náttúran brýst í gegnum snjóinn; augnablik sem hverfur svo."

Hver dropi er einstakur

Verkið Vatn, frá 2013, er innsetning þar sem skúlptúr, vatn, hljóð og ljós spila saman en skuggamynd varpast á vegg þegar dropar falla ofan í vatn. Tónverk eftir Daníel Bjarnason heyrist spilað og er hluti af verkinu.

„Það eru uppsprettur um allt land sem þurfa að vera í jafnvægi. Hver einasti dropi gefur ólíka mynd; alveg eins og við erum öll svo ólík," segir hún.

Önnur innsetning er í formi hreyfimyndar af snjó í fjallshlíðum, undir rímnasöng Steindórs Andersen.

„Ég bað hann um að kveða fyrir mig og var þá að vinna með þjóðar-


Sögur úr náttúrunni
ALLRA MEINA BÓT
Menningin fær sviðið

Morgunblaðið, 28.02.2026, síðu 79.
grein stærð: 464.41 sm2
grein hæð: 28.24 sm



Guðrún á að baki langan og farsælan feril í myndlist sem nú eru gerð skil á Kjarvalsstöðum.

Morgunblaðið/Ásdís

arfinn. Ég valdi mér Bólu-Hjálmar, kannski af því hann er langalangafi mannsins míns. Ég fór að skoða vísur hans og stemmur sem dætur hans höfðu samið. Þetta verk er hugsað þannig að manneskja er að ganga á milli bæja hummandi stemmur og er eins konar afturhvarf til fortíðar," segir Guðrún og einnig má finna á sýningunni þrjú vídeóverk.

Tunglið sótti á mig

Guðrún býr nú úti á landi með fjöll og sjó fyrir augum alla daga.

„Ég fer alltaf mikið út í náttúruna og er nú flutt út í sveit, á Skarðsströnd, milli Snæfellsness og Vestfjarðakjálka," segir Guðrún og er hún þar með sína vinnustofu. Nýjustu verkin á sýningunni heita einmitt Umhverfið mitt og eru innblásin af allri náttúrudýrðinni beint fyrir utan gluggann.

„Ég ætlaði aldrei að sýna aftur heldur vildi bara vera á minni dásamlegu vinnustofu og vinna frjálst. Þá fór ég að vinna í seríu, sem ég geri nánast aldrei, og ákvað að kalla hana Umhverfið mitt. Tunglið sótti svo á mig og ég skynja það svo sterkt þarna við sjóinn."

Þú ákvaðst að sýna aldrei aftur en ert nú með risasýningu?

„Já, það er svolítið fyndið. Ég var líka með sýningu í Listasafni Árnesinga fyrir nokkrum mánuðum. Það er leyfilegt að skipta um skoðun í lífinu," segir Guðrún og brosir.

Sýningarstjóri er Sunna Ástþórsdóttir og er sýningin Leiðir opin til 6. júní. Guðrún verður með leiðsögn sunnudaginn 1. mars kl. 14.